

Samantekt: Vinnufundur með íbúum vegna endurskoðunar á Aðal- og deiliskipulagi Jaðarsbakka

Inngangur

Um er að ræða opinn vinnufund með íbúum á vegum skipulags- og umhverfissráðs vegna deiliskipulags á Jaðarsbökkum. Fundurinn var haldinn 22. febrúar 2024 frá klukkan 17:00 til 19:00 að Garðavöllum, Akranesi.

Markmið fundar var að fá fram sjónarmið íbúa á frumhönnun Basalts arkitekta fyrir deiliskipulagi Jaðarsbakka, en vinna á áfram með þá hönnun í skipulagsvinnunni sem er framundan fyrir svæðið. Frumhönnun Basalts hefur m.a. verið kynnt á opnum íbúafundi í október 2023 í Bíóhöllinni á Akranesi, upptöku af þeim fundi má finna á heimasíðu Akraneskaupstaðar (<https://www.akranes.is/thjonusta/skipulagsma/uppbygging-a-jadarsbokkum>).

Fyrirkomulag


Vinnufundurinn var opinn öllum íbúum á Akranesi. Börn voru velkomin en gert var ráð fyrir að yngri en 15 ára væru í fylgd með fullorðnum. Óskað var eftir því að fólk myndi skrá sig fyrirfram til að auðvelda skipulagningu fundarins og sérstakt skráningarform til þess var gert aðgengilegt og auglýst á heimasíðu Akraneskaupstaðar og á samfélagsmiðlum samhliða frétt um fundinn. Óskað var eftir netföngum við skráningu á fundinn og til stóð að senda út fundarboð á skráða aðila en það því miður fórst fyrir á lokametrinum í undirbúningi fundarins. Alls skráðu 57 aðilar sig á fundinn. Það var ekki merkt við mætingu á fundinn og ekki gerð talning á fundinum sjálfum á þátttakendum.

Einnig var óskað eftir upplýsingum um aldur við skráningu á fundinn, til að meta til hvers breiðs aldursbils fundurinn næði og þá hvort vantaði sjónarmið ákveðinna aldurshópa. Hér fyrir neðan má sjá aldursdreifingu þeirra sem skráðu sig fyrirfram á fundinn.

2. Aldur (gert er ráð fyrir að 14 ára og yngri komi í fylgd með fullorðnum)

[More Details](#)

● 15-17 ára	0
● 18-25 ára	2
● 26-40 ára	14
● 41-55 ára	22
● 56-66 ára	14
● 67 ára eða eldri	5



Guðmundur Ingþór Guðjónsson, formaður skipulags- og umhverfisráðs, setti fundinn, bauð fólk velkomið og fór yfir hlutverk bæjarfulltrúa á fundinum sem var að hlusta og svara spurningum varðandi málið. Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar, tók við og fór yfir dagskrá fundarins sem var eftirfarandi:

- Upprifjun á stefnu jaðarsbakkasvæðisins (kynnt á fundi í Bíoðöll í okt.2023, sjá upptöku á ofangreindri vefslóð)
- Basalt fer yfir frumhönnun sína sem liggur fyrir og unnið verður með á fundinum.
- Eftir kynningar er þátttakendum skipt niður á fimm borð þar sem fólk getur tekið þátt í vinnu við mismunandi umfjöllunarefni. Unnið er í 15 mínútur á hverju borði og svo skiptir fólk um borð og mælt er til þess að hópurinn dreifi sér á mismunandi borð næst. Á hverju borði voru borðstjórar sem höfðu það hlutverk að halda fólki við efnið og leyfa öllum að tjá sig um málefnið. Fulltrúar frá Basalt rölta milli borða og hlusta á umræður, spyrja spurninga og svara spurningum þátttakenda.

Eftirfarandi sýnir umræðuefni hvers borðs og borðstjóra:

- Borð 1 – Íþróttasvæði. Borðstjóri: Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.
- Borð 2 – sund. Borðstjóri: Daníel Sigurðsson Glad, forstöðumaður.
- Borð 3 – aðgengi. Borðstjóri: Karl J. Haagensen, byggingafulltrúi.
- Borð 4 – hótél. Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.
- Borð 5 – græna svæði og langisandur. Borðstjóri: Anna María Þráinsdóttir, verkefnastjóri.

Eftir borðavinnu þakkaði formaður skipulags- og umhverfisráðs fólki fyrir að gefa sér tíma til að mæta og taka þátt í þessari mikilvægu vinnu sem verður nýtt inn í áframhaldandi skipulagsvinnu fyrir Jaðarsbakkasvæðið. Þátttakendur voru upplýstir um að gerð verður fundargerð um fundinn sem verður lögð fram til kynningar á fund skipulags- og umhverfisráðs þann 4. mars 2024 og síðan birt á heimasíðu Akraneskaupstaðar samhliða birtingu fundargerð ráðsins.

Samantekt af vinnuborðum

Eftirfarandi er samantekt yfir helstu ábendingar, athugasemdir og önnur atriði sem borðstjórar tóku niður á fundinum eða þátttakendur skrifuðu á miða eða blað á hverju borði fyrir sig. Fulltrúar frá Basalt voru á svæðinu allan tímann og fylgdust vel með, en þau fá einnig afrit af þessari fundargerð.

Borð 1: Íþróttasvæði

Hópur 1

- Upphalds svæði undir akraness höllinni færa sundlaug undir akraneshöll aðkoma austan við akraneshöllina.
- Huga þar að framtíðar stækkun stúkunnar við aðalfótbolta völl, væri mögulega hægt að byggja stúku þar sem brekka við hótél er staðsett.
- Hótél má ekki yfirgnæfa svæðið þar að huga að jafnvægi á svæðinu.
- Möguleiki á hlaupabraut í kringum fótboltavelli austan megin á svæðinu.
- Svæði fyrir frjálsíþróttir austan megin.
- Ýta undir fleiri notendur á svæði fimm, fleiri íþróttagreinar saman að græna svæðinu.
- Áhyggjur að uppbygging, mannvirkja á svæðinu.
- Hótelið yrði byggt austan megin við akraneshöll.
- Áhyggjur af þrengslum á svæðinu í tilliti til hótels og fótbolta vallar.
- Hjólabrekkur jákvætt, ýtir undir fjölbreytni á svæðinu.
- Tenging við höfða.
- Sjósport og blak.

Hópur 2

- Aðkoma sjúkrabíla og slökkviliðs öryggis mál tengd fótboltavelli.
- Snúningsvellir
- blakvöllur

- frjalsar íþróttir hlaupabraut
- skjól á svæðinu.
- Göngubraut
- færa bílastæðið og völlinn
- færa akraneshöll að gervigrasi
- gervigras að stíg bílastæði fyrir ofan
- troðið á bílastæði stunda sund
- gönguskíða braut á vetur
- mældar lengdir á stígum
- stuttur tími allir vilja notendur
- Færa aðalvöll yfir hinumegin við Akraneshöll
- sjávarstaða fer hækkandi
- glerbygging undir akraneshöll
- minni einingar græna svæði
- bara spilað á hluta svæðis

Hópur þrjú

- Óbreytt stefna stúku
- Byggja hótél sunnan og austan með áhorfendasvæðum
- Hvað verður þá um skjólið fyrir vatnsgarðinum?
- Búningsaðstaða fyrir klefa
- Gervigras austan við akraneshöll, með áhorfendastúku að austanverður
- Frjalsíþróttasvæði með upphitun, hlaupabraut, allt mælanlegt
- Gervigras í aðalvöll
- Snjóbræðsla ?
- Afmarka vita hvort má hvert, má ekki fara?
- Bílastæði tvöfalt
- Tennis, blak, parque
- Snúa velli sundlaug og stúka
- Trjágróður
- Afskrifa útsýni úr laug
- Rífa bragga
- 25 sinnum 2, 50 metrar

Hópur fjögur

- Vestan
- Sátt við tillögu að knattspyrnuvelli

- Stúkan utan á Akraneshöll er betra mál
- Nýja grassvæðið milli vallar og hótels er fjölskylduvænt
- Líkamsrækt undir hóteli
- Austan
- Gervigras á þrem völlum
- Hugsanleg mengun frá undirlagi gervigrass
- Bílastæðahús austan akraneshallar
- Snjósleða brekku
- Ævintýra garður inni á svæðinu eins og í skipulagstillögu
- Stígur inná og utan um svæðið
- Trjágróður utan um svæðið
- Minigolf á grænasvæðinu.
- klára malbik á stíg út á höfða
- Hreyfigarður á svæðið, fyrirmynd Óðinsvé
- ýtir undir hreyfingu
- Göngustígur
- gróður svæði fyrir

Hópur fimm

- Vestan
- Græna brekkan er Fjölskyldusvæði eins og núverandi grasbrekka
- Færa hótél frá knattspyrnuvelli
- Hótél og svæði þurfa að vinna saman
- Austan
- Frjálsípróttasvæði með hlaupabrautum, kastsvæði hástökki langstökki
- Á stígum þarf að aðskilja gangandi og hjólandi
- Salernisaðstaða inni á miðju svæðinu
- Þjónustu/söluhús inni á svæðinu
- Battavöllur fyrir knattspyrnu svipað og Grundaskóla
- Það þarf snjóbræðsla undir alla knattspyrnuvelli, annars ekki hægt að keppa.
- Snjóbræðslu í stíga
- Tré utan um svæði er til bóta
- Mismunandi starfsemi á svæðinu truflar ekki aðra starfsemi.
- Girðing með völlum að á móti Innnesvegi vegna hættu á slysum
- Háa girðingu utan um gervigrasvöll
- Stígur um svæðið

- Ekki malbik á alla stiga á svæðinu
- Hálfan gervi grasvöll hentar fyrir yngri flokka
- Völlur með lífrænugrasi getur verið utan svæðis

Borð 2: Sund

- Nauðsynlegt að fá innilaug þar sem útilaugin er oft full og lokuð vegna skóla
- Er nauðsynlegt að vera með svona margar laugar, hrædd við kostnaðinn
- 50m laug þarf að vera fjölnota – ekki bara fyrir æfingar/skóla
- Vantar laug til endurhæfingar, heitari og minni
- Fjölskyldufólk vill nota innilaug
- Vantar innilaug fyrir yngri börn
- Væri betra að vera með hreyfanlegan botn upp á samnýtingu á stóru lauginni
- Aðdráttarflið þarf að vera fyrir krakkana, þau koma með oreldrana með sér
- Leikföng
- Æfingaraðstaða á bakkanum við innilaugina – stólar, tæki, borð
- Sundfélagið þarf rými í kringum keppnislaug, riðlaherbergi, tækniherbergi, dómaraherbergi og upphitunaraðstaða fyrir keppendur
- Mikilvægt að fá innilaug. Krakkar detta úr æfingu vegna meiðsla út af kulda
- Of þröngt svæði, of mikið af bílastæðum
- Staðsetning laugar röng. Ætti að tengja við Guðlaugu og sandinn. Hótelið gæti verið á gamla sundlaugarreitnum og færa laugina undir höllina.
- Ýmindin er slæm vegna lélegrar aðstöðu hjá Grundaskóla. Erfitt að fara í skólasund.
- Verðum að fá 50m laug
- Mikilvægt að geta skipt henni
- Miklir tekjumöguleikar vegna æfingabúða
- Engin kaupir æfingar í 25m laug
- Erum sjálf að kaupa slíka þjónustu í dag (sundfélagið)
- Gamla laugin löngu sprungin
- Tækifæri í ferðaþjónustu
- Vantar eitthvað fyrir fjölskyldufólkið – þetta er ósexý
- Á að vera aðdráttarfl fyrir fjölskyldur
- Meira leikskvæði – rennibraut
- Hugsa þetta ekki sem kostnað heldur tekjulind. Fólk streymir að ef svæðið er spennandi.
- Allir eiga að hugsa Akranes þegar þau ætla með börnin í sund
- Sund sem heilsubót fyrir eldri borgara
- Mætti vera fleiri minni laugar

- Passa að huga að hljóðvistinni á innisvæðinu
- Vantar tengingu við Guðlaugu
- Er engin rækt á svæðinu? Of langt yfir á hótelið. Þeir sem byggja líkamsrækt vilja tengingu við sundlaugarsvæðið (heita potta)
- Kostir: fólk sem æfir sund teppir ekki laugina fyrir almenning
- Passa að hugsa ekki of smátt
- Ný sundlaug ætti kannski ekki að vera á þessu svæði, skoða tengingu við nýjan skóla
- Tengin við sjóin og útsýnið mikilvægt
- Stúka við innilaugina fyrir áhorfendur á sundmóti
- Er þetta of dýrt? Er örugglega þörf á svona miklum framkvæmdum?
- Þurfum við að halda útisundlauginni?
- Samkv eldri þarfagreiningum er kostnaður mikill við 50m laug
- Breyta gömlu lauginni í leiksvæði/rennibrautir/wipe out
- Horfum til framtíðar en þurfum ekki svona margar laugar
- Rennibraut – útisvæði fyrir fjölskyldur
- Þarf að vera inni leiksvæði líka
- Stór rennibraut sem byrjar inni og fer í hringi og endar í útisundlauginni
- Nota vallahúsið gamla sem sundklefa
- Leifa sundfélaginu að fá afnot af vallahúsi
- Verðum að passa að sliga ekki núverandi kerfi, þetta hljómar dýrt
- Klifurveggur við innisundlaugina
- Ásvallarlaug góð fyrirmynd

Borð 3: Aðgengi

- Æfingavöllur við hliðina á Akraneshöllinni og svo í framhaldi bílastæðin
- Áhyggjur af bílastæðafjölda á svæðinu
- Öryggi barna í fyrirrúmi
- Undirgöng á kafla eða alla leið fyrir annað hvort bíla eða gangandi vegfarendur á Innnesveginn. Svæðið milli Garðabrautar og Víkurbrautar.
- Snúa hótelinu um 90° og færa það vestar svo það myndist meira pláss á milli hótels og fótboltavallar.
- Skoða að setja bílastæðahús á svæðið til að fjölga bílastæðum
- Passa aðkomu neyðabíla að svæðinu. Sérstaklega að sunnanverðu
- Skoða að loka Innnesvegnum milli Víkurbrautar og Garðabrautar, gera veginn botnlangagötu með hringtorgi fyrir framan nýja íþróttahúsið og sleppistæðum.
- Bæta við bílastæðum austan megin við akraneshöllina.

- Setja hótelið þar sem sundlaugin er hugsuð og nýja sundlaug þar sem ærslabelgurinn er.
- Áhyggjur að gatnamótum Innnesvegur og Garðabrautar. Hugsanlega hringtorg
- Vantar rúrustæði við Jaðarsbraut
- Tryggja gott aðgengi að svæðinu.
- Tryggja góða lýsingu við alla göngustíga. Sérstaklega við Langasand.
- Tryggja gott aðgengi með stígum í gegnum æfingarsvæðið.
- Tvískipta stíga (hjól og gangandi) við Langasand
- Betri lýsingu við göngustíg við Langasand hjá Jaðarsbraut
- Tryggja gott aðgengi milli Guðlaugar og Sundlaugar. Samnýting.
- Selja núverandi sundlaug hótelinu og byggja nýja sundlaug frá grunni niður við Langasand.
- Gera ráð fyrir fleiri bílastæðum þar sem malarplanið (bílastæði) eru í dag fyrir aftan Garðabraut 24-26.

Borð 4: Grænasvæðið og Langisandur

- Hvernig er aðgengi frá stúku að leiksvæði?
- Tengja svæði 6 fleirum en fótbolta? Ánægja með hlaupabraut sem var í annarri tillögu
- Drenun á grassvæði
- Passa upp á skjól á grillsvæði
- Hafa áningarstaði til að setjast á í góðu skjóli
- Undirgöng undir horn á velli, í stað landfyllingar
- Ungbarnaleiksvæði
- Þarfir íbúa fyrir Höfða
- Pláss fyrir líkamsræktarstöð
- Frjálsíþróttasvæði, hlaupabraut, stökkgrýfja, kasthringur, mundi nýtast sem gönguaðstaða fyrir eldra fólk ef hlaupabraut væri upphituð.
- Er þörf á öllum þessu litlu fótoltavöllum, stóru vellirnir nýtast fyrir minni velli.
- Nr. 9 ánægja með hjólabraut
- Bryggja út í sjó frá Langasandi
- Kaffihús/ bar fyrir leiki á enda Akraneshallar
- Steinninn Jaðar – setja á réttan stað. Minnisvarði um bæinn Jaðar.
- Þrautabraut (Wipe out) út í sjó
- Aðstaða fyrir „kite surfing“ og annað sjósport, mikil olíumengun í höfninni þar sem aðstaðan er í dag.

- Ánægja með göngustíga á grassvæðinun
- Passa upp á að hafa bekkir meðfram langasandi með mjög reglulegu millibili.
- Skjól fyrir skólahópa við grillaðstöðu
- Aðgengi frá leiksvæði niður á Langasand, hafa beint frá leiksvæði og niður
- Útisvæði fyrir leikskólahópa sem tengist Höfða, heimsækja eldra fólkið
- Æfingatæki sem henta öllum aldri, ekki bara fullorðnum
- Nóg fyrir knattspyrnuna að vera með 3 fótboltavelli í fullri stærð og 2 litla battavelli
- Ekki vera of föst í gamla tímanum, hugsa hvað við getum fengið í staðinn
- Aðstöðu fyrir skólana sem myndi nýttast sem útikennslu við Langasand á austari hluta Langasand, svæðið er nýtt í dag mikið í útikennslu.
- Gönguskíðabraut fyrir veturna, hægt væri að nýta þegar svæðið er ekki í almennri notkun. Eykur árnotkun á svæðinu.
- Möguleiki á þráðlausum nettengingum á svæðinu
- Hafa góða lýsingu til að svæðið nýttist sem best
- Hjólabrettasvæði
- Laga bílastæði meðfram grasvæðinu t.d með EcoRaster mottum, svæðið yrði þá ekki malarsvæði heldur aðeins grænna.

Borð 5: Hótel

Fyrsta lota

- Þarf að einfalda samspil heilsulindar og Sundlaugar m.t.t. til fyrirbyggjandi vatnstakmarkana.
- Eins frábært og það er að hafa hótél á svæðinu, sem ætlað er að þjóna margs konar tilgangi, er spurning hvort konseptið sé of lítið m.t.t. til rekstrarhæfis.
- Finnst svæðið ekki bera hótél, allt of stórt í samanburði við í aðra starfsemi á svæðinu
- Staðsetning á hóteli, spurning hvort unnt sé að hliðra því til suðurs til að geta haft meira rými til frekari uppbyggingar á mannvirkjum í framtíðinni.
- Samspil heilsulindar við Guðlaugu virðist sérkennileg og ekki endilega eiga saman.

Önnur lota

- Flottar þrívíddarteikningar sem voru framlagðar t.d. í Borgarnesi, finnst skorta á að slíkt sé gert nú til að unnt sé betur að átta sig á hvernig mannvirkin eru og hvernig þetta rúmast á svæðinu.
- Vangaveltur um hvort svæðið beri hótél.

- Sjónarmið bæði með og á móti að hótél kæmi á svæðið.
- Vilji til að skoða mögulega færslu á mannvirkinu til Vesturs.
- Heilsulindin, útfærslan ekki góð, er of hátt, of þétt og of skuggsækið.
- Er markhópurinn ráðstefnuhótél eða er það æltað fyrir einhvern annan markhóp.
- Þarf að taka meiri mið af vellíðan og vera meira aðlaðandi.

Þriðja lota

- Gullið tækifæri til að tengja hótélrekstur og sundlaug.
- Forsenda fyrir rekstur á svæðinu sé að hótél sé á staðnum.
- Áhyggjur af þrengslum og þurfi að skapa rými fyrir stækkun.
- Töff hönnun eins og hún er sett og fram og er í anda Guðlaugar.
- Frábært að halda í brekkukonseptið sem er algerlega 'unik' á Íslandi og mikilvægt að halda í það.
- Heildarkoneptið gengur upp eins og það er sett fram og er í raun forsenda fyrir að það gangi upp þ.e. þörf er á hóteli vegna uppbyggingar íþróttamannvirkjanna
- Minnst á aðstöðu fyrir sjósport – finnst ábótavant og að hugsa þurfi fyrir slíku.

Fjórdða lota

- Tenging við Sundlaugina er dýrmæt og þarf að gæta að því í hönnun. Þurfa gestir hótelsins að fara út til að komast inn í sundið? Ábending um að bæta þurfi aðgengi.
- Laugin á röngum stað (snarvitlausum stað) og ætti frekar að vera þar sem punktar 5,7 og 8 eru og og hótélbyggingin þar sem sundlaugin er hugsuð.

Fimmta lota

- Lögð fram ný tillaga (gulur miði – límdur á kortið) þannig að stúkan verði sjávarmegin og hótelið vestan megin. Unnt að hafa ýmis konar starfsemi undir stúkunni. Fórna vissulega útsýninu úr sundlauginni.
- Sett fram sjónarmið að nauðsynlegt sé að halda í þá hönnun að almenningur eigi aðgengi að rýmum hótelsins.
- Sjónarmið um hvort almennt hótél eigi heima á slíkum stað. Sjónarmið sett fram að um að konseptið styðji sem mest við íþróttatenga starfsemi.